

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella


Reykjavík, 23. september 2019
UST201909-241/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi fyrir Árbæjarhjáleigu 2 í Rangárþingi ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 20. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Árbæjarhjáleigu 2 í Rangárþingi ytra.


Í greinargerð kemur fram að tillagan nær til vélageymslu, reiðskemmu, um 832 m² íbúðarhúss, tveggja gestahúsa á byggingareit B1 sem geta verið samtals allt að 120 m², íbúðarhúss á reit B2 sem getur verið allt að 180 m² og þriggja gestahúsa sem eru staðsett á reit B3 og geta verið samtals allt að 120 m².

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofngreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur